

Þingsályktun

um skilgreiningu auðlinda.

Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að fá sérfræðinga á sviði auðlinda-réttar, umhverfisfræða og umhverfisréttar til að semja frumvarp til laga sem skilgreini hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.

Frumvarpið verði lagt fram á 150. löggjafarþingi.

Samþykkt á Alþingi 20. júní 2019.